

REGLUGJÖRÐ

fyrir

bryggju Sauðárkróks.**92**

19. okt.

1. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð, er má vera utan nefndar, og samur um borgun fyrir störf hans.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skal hann í öllu hegða sjer eftir fyrirmælum reglugjörðar þessarar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rjett til að nota bryggjuna gegn því að greiða lög-mælt gjald og hlýta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Neyta þau rjettar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni. Þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rjett til að leggja tafarlaust að bryggjunni til að afhenda póstin. Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

4. gr.

Allar skemdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni báts þess, er skemdirnar hljóttast af.

5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni eða bryggjustöpli fram yfir það sem nauðsyn krefur. Sje þessa ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað þeirra. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Bryggjugjöld greiðast af öllum uppskipuðum eða útskipuðum vör-um í kaupþúninu svo sem hjer segir:

- a. Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum greiðist 10 aurar.
- b. Fyrir salt umbúðalaust greiðist kr. 1,00 fyrir hverja smálest.

92
19. okt.

- c. Fyrir hverja smálest af umbúðalausum kolum og fiski, og hvern standard í timbri greiðist kr. 1,50.
- d. Fyrir hross og nautgripi greiðist 30 aurar fyrir hvern grip, enda beri bryggjan kostnað við notkun smábryggju til þessa flutnings, þegar þörf krefur.
- e. Fyrir skip og vjelbáta, er leggjast að bryggjunni og liggja sólarhring eða minna, greiðist, auk stykkjagjaldsins, gjald fyrir hvert stykki þannig:
- | | | | | | |
|----|------------------|---------------------------|-------|-----|-------|
| 1. | Fyrir báta undir | 6 smálesta stærð (brúttó) | | kr. | 2,00 |
| 2. | — — frá | 6—12 — — — | | — | 3,00 |
| 3. | — — — | 12—20 — — — | | — | 4,00 |
| 4. | — — — | 20—30 — — — | | — | 5,00 |
| 5. | — — — | 30—50 — — — | | — | 6,00 |
| 6. | — — — | 50—100 — — — | | — | 8,00 |
| 7. | — — yfir | 100 — — — | | — | 10,00 |

Liggi skipið lengur en sólarhring við bryggjuna, greiðist aukagjald.

- f. Fyrir vjelbáta, er eiga heima á Sauðárkróki, greiðist árgjald:

Fyrir báta minni en 10 smálesta kr. 40,00.

— — stærri — — — — 60—120,00.

Heimilt er hreppsnefnd að bækkja bryggjugjöldin fyrir eitt ár í senn alt að 20%, ef hún sjer brýna nauðsyn bera til.

7. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana, og ræsta hana og tæki hennar, þegar eftir notkunina. Sje það ekki gjört svo fullnægjandi sje að dómi bryggjuvarðar eða hreppsnefndar, annast bryggjuvörður ræsting á kostnaði hlutaðeiganda, sem fyrirgerir rjetti sínum til bryggjuafnota, sje ræstingarvanræksla endurtekin. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til bryggjustöðulsins.

8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugjörð þessari innheimtir bryggjuvörður svo fljótt sem unt er og leggur tafarlaust í sjerstakan sjóð, sem nefnist Bryggjusjóður, og ávaxtast í Sparisjóði Sauðárkróks.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár Bryggjusjóðs er almanaksárið, og skal bryggjuvörður fyrir lok hvers árs afhenda oddvita hreppsnefndar, sem hefir reikningshald sjóðsins, skilagrein fyrir öllu því af árstekjum sjóðsins, er honum bar að innheimta.

10. gr.

Bryggjusjóði skal aðeins varið til viðhalds og umbóta á bryggjunni og tækjum hennar.

11. gr.

92

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 kr., og fer um 19. okt. mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í Bryggjusjóð.

Reglugjörð þessi, sem sýslumaður Skagafjarðarsýslu hefir samið eftir tillögum hreppsnefndarinnar í Sauðárkrókhreppi, er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917 til að öðlast gildi 15. nóvember 1926 og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. oktbr. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMPYKT

93

29. okt.

um

sýsluveg í Blöndudal austan Blöndu.

1. gr.

Blöndudalsvegur er nefndur vegur sá, er samþykkt þessi ræðir um; liggur hann frá Langadalsveginum í Hlíðarskriðu yfir Svartá og fram Blöndudal að Bollastöðum.

2. gr.

Vegurinn skal vera 2—2,4 metrar að breidd, með hæfilega mörgum útskotum og vel vandaður að öllu. Brekkumegin við veginn skal vera það breiddur bekkur, að breikka megi veginn síðar um $\frac{3}{4}$ —1,15 metra. En útskot þurfa ekki á veginn frá Eyvindarstöðum að Bollastöðum.

3. gr.

Helminginn af kostnaði við lagningu þessa akvegjar, fram að Eyvindarstöðum, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðir sýslusjóður Austur-Húnavatns-sýslu. Annan kostnað við veg þennan greiði þeir, sem búa eða eiga heimili í Blöndudal austan Blöndu þannig:

- a. Hver, sem á land sem vegurinn liggur um — frá Svartá að Bollastöðum, að þeim meðtöldum — skal árlega vinna eitt dagsverk, eða greiða kr. 7,00